



Fundur í hafnarnefnd

15. fundur hafnarnefndar haldinn að Fjarðarvegi 3 Þórshöfn miðvikudaginn 21. október 2020. Fundur var settur kl. 12:00.

Mættir voru: Halldór Rúnar Stefánsson, Árni Bragi Njálsson (í fjarfundarsambandi), Jóhann Ægir Halldórsson og Jónas Egilsson hafnarstjóri sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og spurði hvort athugasemdir væru gerðar væru við fundarboð. Svo var ekki.

Fundargerð

1. Fundagerðir hafnarsambands Íslands nr. 427 og 428, dags. 19. október og 13. nóvember 2020

Fundargerðirnar lagðar fram.

2. Hafnarsambandsþing 2020

Formaður Hafnarnefndar og hafnarstjóri sátu þingið, sem fram fór fyrr í dag. Nýr formaður var kosinn, Lúðvík Geirsson Hafnarfirði, en fundargerð verður lögð fram síðar.

3. Framkvæmdir við dýpkun Þórshafnarhafnar

Lagt fram bréf frá Stefáni Friðriksskyni, dags. 26. nóvember 2020, um mikilvægi dýpkunar Þórshafnarhafnar fyrir löndun uppsjávarafla. Formaður og hafnarstjóri gerðu grein fyrir stöðumála og niðurstöðum verkfundar 23. nóvember sl.

Bókun um afgreiðslu: Nefndin ítrekar fyrri afstöðu sína um nauðsyn þess að höfnin verði dýpkuð í a.m.k. 9,5 m fyrir uppsjávarskipin og leggur til að í þær framkvæmdir verði farið í vetur að því gefnu að tilskilið fjármagn fái til þess úr hafnarbótasjóði.

Samþykkt samhljóða.

4. Viðgerðir á hafnarmannvirkjum á Bakkafirði

Hafnarstjóri gerði grein fyrir fyrirhuguðum framkvæmdum við hafnargarðinn á Bakkafirði og kynnti samning við Ístrukk ehf. sem var með lægasta tilboð í verkið. Framkvæmdir hefjast um miðjan janúar 2021 og er verktími um fimm mánuðir. Hafnarstjóri gerði einnig grein fyrir umræðum á fundi hverfaráðs Bakkafjarðar um óróleika í höfninni á Bakkafirði og bréfaskiptum hans við forstöðumann hafnardeildar Vegagerðarinnar um málið.

5. Önnur mál

- a) Ein umsókn hefur borist um stöðu hafnarvarðar á Bakkafirði. Gengið verður frá ráðningu á næstunni.



- b) Aðgengi að höfnni á Þórshöfn. Lagt til að skoðaðir verði möguleikar á að setja um hlið inn á höfnina með fjarstýringu.
- c) Formaður ræddi tilfærslu á olíudælu af flotbryggjunni að hafskipabryggjunni.
- d) Hafnarstjóra falið að ganga eftir tilflutningi olíudælu og festingar á nýju flotbryggjunni á Bakkafirði. Enn fremur ákveðið að taka samtalið við N1 um leigu eða þátttöku í öðrum rekstrarkostnaði við flotbryggjuna.

Fundargerðin upplesin og samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:45.

Árni Bragi Njálsson (sign.)